

Birgitta Jónsdóttir



Ótti



-Maurice Peterson, New York: USA

Ljóð Birgittu Jónsdóttur færir ljóðið til hins nýja árþúsunds með fingerðum stíl og tilfinn-ingaþunga. Sjaldan hefur listamaður sýnt eins mikla snilld með orðum og myndum. Ef lífið er þér kært, þá muntu elska verk Birgittu.

-Aleksi Aaltonen, Helsinki: Finnland

Það er mín einlæga skoðun að Birgitta sé einn af fremstu margmiðlunar listamönnum nútímans. Hin ótrúlega dýpt, styrkur og á sama tíma viðkvæmni í ljóðum hennar, tónlist og listaverkum er gáskafull, sterk og afar persónuleg.

-Elisabeth Belile, Texas: USA

Tungumálið í ljóðum Birgittu er þrungið töfrum og gneistum. Það gefur til kynna dýpt og skírleika og er hlaðið leyndardómum goðsagna. Ljóðin eru atburðir í sjálfum sér, ferðalag frá myrkri til birtu. Hún gefur ótakmarkað af gleði sinni. Hvort heldur töluð, gefið líf á Internetinu eða skrifuð, vekja orð hennar djúpan skilning innra með manni um að allt sé í lagi, að við séum eitt með alheiminum, að ástin sé það sem skiptir máli.

Birgitta Jónsdóttir

Ó t t i

Æ v i á g r i p

Birgitta hefur búið víðsvegar um heiminn og verið virkur þátttakandi í bókmennta, lista, tónlistar og netheimum.

Listaverk eftir hana má finna í opinberri eigu og meðal safnara hérlendis og í BNA.

Ljóð Birgittu hafa verið þýdd á tólf tungumál.

Verk hennar má finna í safnbókum, dag-blöðum, tímaritum, sjónvarpi og útvarpi í BNA, Englandi, Japan, Kólumbíu, Marokkó, Þýskalandi, Nígíeríu, Kanada, Nýja Sjálandi, Ítalíu, Rúmeníu og víðar.

Hún telst til listrænna frumkvöðla í þeim gjörningi að koma bókmenntum og listum á Internetið og stóð fyrir fyrstu beinu myndbandsútsendingunni á netið frá Íslandi árið 1996 undir heitinu "Drápa".

Birgitta hefur starfað sem ritstjóri, greinahöfundur, ljóðskáld, listamaður, blaðamaður, rithöfundur, veflistamaður, söngkona, útgefandi og því hefur hún eintatt verið skilgreind sem fjöllistakona þó enn hafi hún ekki starfað í sirkus.

<http://kameljon.blogspot.com>
<http://birgitta.blog.is>
<http://this.is/birgitta>
<http://joyb.blogspot.com>

Beyond Borders
Smákverasafn #4



Reykjavík, Ísland 2005
poems@this.is



Ó

t

t

i

Næring

Ég nærast á hughrifum
en andrúmið mótar atgervi mitt.
Harðnar eins og leir
þegar andrúmið snertir flöt þess.

Fingur sársaukans
eiga greiða leið
að sálinni.

Ég renn eins og eðalvín
á milli fingra þjáningar
tær og þung.

Skjaldbökuhúsið

Hún liggur ein í húsinu
innan um það sem hann skildi eftir.

Það er fuglshamur við rúmgaflinn
hann er götóttur og fiðurlaus.
Yfir höfði hennar sveimar fuglinn
sem hafði í öll þessi ár
hvíslað að henni meðan hún svaf
að hann væri skjaldbaka
og þegar hann færi
myndi hann flýja
skjaldbökuhúsið
og skilja hana eftir inni í skel sinni.

Hún liggur ein í skjaldbökuhúsinu
heyrir ráma rödd hans
anda frá veggjunum.
Rúmfötin anga römmum ilmi.

Veit ekki hvort hún saknar hans.
Hún liggur sem lömuð
í skyndilegum
einmanaleika minninganna.

Fuglinn hnitar hringi
og lemur vængjunum á
hrímaðan gluggann.

Við ver aldar gluggann

Nálgast það ekki kraftaverk
ef hið milda lífsljóð
nær að snerta
harðgerðar taugar
nú tímamannsins?

Atgervi hans mótað
úr járnhörðum múr vélrænna vana.
Úr margklofnum sálrænum fræðum.
Slípaðar athafnir og slítandi hraði
sníða hverju höfði höggheldan hatt.

Ég sit við veraldargluggann
horfi á marglita lífsdropa
hrynja sem vænglausu fugla
í litlaus djúp.



Einhversstaðar í þessari þoku
býr kjarni minn.
Ég hef háð blóðugar orrustur
við aðstæðurnar
staðið sigri hrósandi með
hjartað sundurkramið
í krepptum lófanum.

Kallað yfir vígvöllinn,
„ekkert fær brotið mig.“
Hringað mig saman
eins og fóstur
fundið sársaukann
lama hverja taug.

Dofin og hrakin í eitt andartak
sem varir lengur en allt lífið sjálft.

Og andlit mitt afmyndað
horfir inn í spegilinn.
Afmyndað af sjálfspísl og ótta
óttanum um að vera heil
meðal þeirra brotnu.

Sé ekki lengur mynd mína
heila og glaðbeitta
heldur brotakennda kameljónsmynd.

Hefur hinn þjáði andi þinn
laumast inn í hjarta mitt
meðan hjarta þitt sló sín síðustu högg?

Minning þín vængbrotninn fugl
með alla heimsins þjáningu
vaíða um lífstréð.

TÓMUR MÚR ORÐA

Tvístruð orð
leita kjarnans.

Týndur
inní málskrúði.

Aldir alda orða
hol
glötuð
máttlaus.
Setningar án alls
skiljanlegs hrynjanda.
Flækjumyndir.

Án enda malar maðurinn
sjálfumglöðu hjómi.



Vaxveggur

Sé það tilgangur þjáningar að mýkja
þá er það steinhörð staðreynd.

Mjúk rennur sorgin upp
storknar sem vax.

Utan um kjarna minn er
styrkjandi veggur
ofinn úr marglitum
vaxdropum.

DraUmar

Hún læðist inn í hverja taug
liðast hægt um hver liðamót.
Höfðingleg þreyta.

Augun verða þung og næm.
Hver fruma dofnar og slævist.
Hugurinn spenntur.
Þaninn bogi hugmynda.

Tifandi andartök
litbylgju andrúm.

Svefn kemur
með mildum draumum
sætur.

Ég vakna hlaðin með sól í auga
barnslega gleði og flissandi anda.

Margar eru næturnar
sem þreytan er grá og án eirðar
svefninn þakinn súrum draumum.

Þá vakna ég með myrk augu
náladofin.

M A R T R A Ð I R

ÞÆR HELTAKA DRAUMHEIMA.

MYNDIR AF

LJÓTASTA LJÓTA

ILL ORÐ OG HREIN

SÁLARMORÐ.

ÉG VAKNA MEÐ

ÓTTA Í AUGA

SÁLINA TÆTTA

OG ÖRPREYTTA.



FÍKN Í FALSKAN VERULEIKA

Það rennur
hamslaust um augað.
Slær glýju
lofar gyllingu í grámann.
Þeytir upp hughrifum.
Rennur
slævandi
um síþyrstar
æðar sársaukans.
Augað þyngist
uns sligað.

Minningar
kastast um
æðakerfið
Bolti
þakinn nálum.

Sefandi er
blekkingin.
Flýtur að feigðarósi.

Ljóð, listaverk og ljósmyndir © 2005 Birgitta Jónsdóttir

Öll réttindi áskilin.

Fyrsta prentun

Heimsækið Womb of Creation, verðlaunavef

Birgittu til að skoða fleiri listaverk og ljóð eftir hana.

<http://this.is/birgitta>

Til að fá lista yfir útgefin verk Beyond Borders

farið á vef útgáfunar

<http://this.is/poems>

Beyond Borders

552 1742

692 8884

poems@this.is

Þessi bók er handunnin í 44 eintökum

Þetta er bók númer